

Ákvæði í lögum um tekjuskatt um lífeyrisiðgjöld

Í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 er að finna eftirfarandi ákvæði um iðgjald í lífeyrissjóð og til viðbótarlífeyrissparnaðar.

28. gr. Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

5. Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.

Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

30. gr. Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

4. Iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

5. Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

Breyting er varðar 30. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Nýtt lagaákvæði hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. skal heimilaður frádráttur frá tekjum manna, á árunum 2012-2014, vera allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. **Þeir sem annast iðgjaldaskil samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd og séreignasparnað á tímabilinu 2012 til og með 2014 skulu þrátt fyrir ákvæði umræddra samninga að hámarki draga 2% af iðgjaldsstofni rétthafa nema rétthafi óski sérstaklega eftir því að hlutfall iðgjalds verði hærra.**